

LÖG

**um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald,
með áorðnum breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 51 29. maí 1989, um ráðstafanir vegna kjarasamninga, komi tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Greiða skal í ríkissjóð jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og fríverslunarsamnings Íslands við Evrópubandalagið. Gjaldið skal vera 4% frá 1. janúar til 1. september 1991 og 3% frá 1. september til 31. desember 1991.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum, úr gildi.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1991.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „16. nóvember“ í 17. gr. laga nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, komi: 1. september.

2. gr.

3. másl. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, orðist svo:

Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. öðlast þó gildi 1. september 1990. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG**um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1991 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1990 á fasteign, sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1990.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1991 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1990.